


## Velkomin á skráningarvef okkar.

Leiðbeiningar fyrir forráðamenn og iðkendur um innskráningu á vefi Nóra.

Allir iðkendur / þátttakendur verða að vera skráðir í skráningarkerfi okkar. Þar eru skráningar allra félaga, skráningar í flokka og hópa, ásamt uppgjöri æfingagjalda. Það hjálpar mikið að skrá nákvæmlega alla iðkendur og aðstandendur hvers iðkanda undir 18 ára aldri. Það auðveldar öll samskipti milli félags og fjölskyldu iðkanda. Þjálfarar sjá sína flokka, nöfn iðkenda, aðstandenda, ásamt símanúmerum og netföngum, en ekkert um uppgjör æfingagjalda, sú vinnsla er alfarið á skrifstofu okkar. Á heimasíðu okkar er hnappur til þess að komast inn í skráningu og greiðslu æfingagjalda : eða slá inn þessa slóð : <https://???.felog.is>

**MUNIÐ : Byrjað á að samþykkja skilmála þegar fyrsta innskráning er gerð.**  
Ef skilmálum er breytt þá þarf að samþykkja nýja skilmála.  
Skráning er lokuð þar til búið er að samþykkja skilmála.  
Einnig er hægt að nota rafræn skilríki.



The screenshot shows a registration interface with a dark blue header containing the 'Innskráning' logo. Below the header, there are two main sections. The first section, titled 'Skrá inn með Íslykli', features the 'island.is' logo and a blue button labeled 'SKRÁ INN'. The second section, titled 'Skrá inn án Íslykils', contains two input fields: 'Kennitala' and 'Lykilorð', followed by a blue button labeled 'SKRÁ INN'.

Ef notuð eru rafræn skilríki (rafrænt auðkenni eða Íslykill) þá er nóg að haka í skilmála og smella á Island.is myndina. **Það er skilyrði fyrir nýtingu frístundastyrks hjá flestum sveitarfélögum að rafræn skilríki séu notuð.**

Eftir það þarf notandi ef fyrsta innskráning að fylla út í netföng og símanúmer áður en haldið áfram.

Það er mikilvægt að þessar upplýsingar séu réttar þar sem þetta eru einu upplýsingar sem leiðbeinendur þjálfarar og starfsmenn félaga hafa aðgang að komi upp þær aðstæður að ná þurfi sambandi við forráðamenn.

Í fyrsta skipti er valin NÝSKRÁNING og birtist þá þessi mynd :  
Skráðu kennitölu þína og smelltu svo á áfram.

## Nýskráning forráðamanns

Þar sem þetta er í fyrsta skipti sem þú skráir þig inn þá þurfum við símanúmer og netfang til að geta haft samband.

Nafn	Kemur úr þjóðskrá með rafrænni innskráningu	Kennitala	Kemur úr þjóðskrá með rafrænni innskráningu
Heimilisfang	<input type="text"/>	Póststöð	<input type="text"/>
Netfang	<input type="text"/>	Auka netfang	<input type="text"/>
Verður að vera rétt netfang			
Símanúmer	<input type="text"/>	Auka símanúmer	<input type="text"/>
Verður að vera rétt símanúmer			
<input checked="" type="checkbox"/> Ég er félagi		<input type="checkbox"/> Er jafnframt iðkandi	

Ýttu svo á "VISTA" til að vista upplýsingarnar og fara áfram á skráningar- og greiðslusíður

[VISTA](#) [HÆTTA VIÐ](#)

Fyllið út netföng og símanúmer

Ákveða þarf hvort eigi að vera hakað við "Er stuðningsmaður / félagi" og „Er jafnframt iðkandi“

Félagakerfið er tengt við þjóðskrá og innskráning með rafrænum skilríkjum og því koma grunnupplýsingar fram í skráningu.

Vinsamlegast skráðu upplýsingar eins nákvæmlega og beðið er um, það auðveldar starfsfólki og skrifstofu starfið.

Valkostir í skráningu :

### Er stuðningsmaður

Ef hakað er við "**Þá er viðkomandi á féлага og póstlista**" þá er viðkomandi kominn sjálfvirkt inn á póstlista.

Ef þú ert aðeins að skrá iðkanda, en vilt ekki vera sjálf(ur) skráður félagi eða á póstlista, þá má taka hakið í burtu og hefur það engin áhrif á framhaldið.

### Jafnframt iðkandi

Með því að velja "**Er jafnframt iðkandi**" er hægt að sjá öll námskeið ætluð fullorðnum á vegum félagsins.

Framvegis er valið „**Skrá inn**“ skrá inn með íslykli þegar farið er inn í skráningarkerfið.

## Yfirlitsmynd

Þegar fyrstu skráningu er lokið, þá birtist yfirlitsmyndin.

### Mínir iðkendur


...

Innskráður forráðamaður

Nafn forráðamanns

STILLINGAR

---


 Nafn iðkanda    Kennitala    Sími    Netfang    SKRÁNING Í BOÐI

Þegar við komum inn í kerfið, þá birtist valmyndin „**Mínir iðkendur**“ þar birtast upplýsingar um þig og þá úr fjölskyldunni sem búið er að virkja. Lengst til hægri í hverri línu er hægt að smella á „**Skráning í boði**.“ Aðeins birtast þau námskeið sem eru í boði fyrir viðkomandi aldur og kyn.

## Mín skráning

**Mín skráning** sýnir þína persónulegu skráningu í kerfinu.

### Guðmundur Árnason



Breyta mynd

Nafn	Guðmundur Árnason	Kennitala	1111575109
Heimilisfang	Hverafold 104	Póststöð	112 - Reykjavík
Netfang	gudmundur@greiddslumidlun.is	Auka netfang	nori@greiddslumidlun.is
Símanúmer	8259201	Auka símanúmer	5275401

TIL BAKA    ÁFRAM

Smellið í þá línu / á þann texta sem þér viljið breyta, breytið og farið úr svæðinu.

Smelltu á **nýr iðkandi** til þess að skrá barn eða maka inn í kerfið. Í fellilistanum birtast allir eru teljast til þinnar fjölskyldu samkvæmt Þjóðskrá, maki og börn 18 ára og yngri. „Börn“ eldri en 18 ára hafa sjálfstæða skráningu inn í kerfið.

Veldu nafn og smelltu á **Áfram**.

Grunnupplýsingar eru úr Þjóðskrá, bæta þarf við netfangi, aukanetfangi og síma 1 & 2. Hafið netfang og símanúmer iðkandans, en hugsanlega notið aukanetfang og sími 2 fyrir forráðamann.

Ýtið á **skrá** til að staðfesta skráningu.

Þegar vinnslu er lokið í kerfinu, þá er ýtt á **Útskráning**

## Skráning iðkanda á námskeið

Á myndinni **Mínir iðkendur (Aðgerðir)** er aftast í hverri línu boðið upp á **Skráning í boði**

Verið í réttri línu og smellið á krækjuna.

Þá birtast öll námskeið og flokkar sem viðkomandi getur skráð sig í.

Veljið námskeið eða flokk og smellið á **skráning** aftast í línunni.

Á næstu síðu er farið yfir hvernig skráning er staðfest og greitt er fyrir valið námskeið.

Aðgerðir / Skráning í boði



Iðkandi  
Árni

Veldu greinar

Deild	Flokkur	Námskeið	Tímabil	
App deildin	App flokkurinn	App Námskeiðið	01.01.2017 - 31.12.2017	<a href="#">GREIÐA</a>
Formannadeildin	Íþróttaflokkurinn	Námskeið í hoppi	01.01.2017 - 31.12.2017	<a href="#">SKRÁNING</a>
Formannadeildin	Íþróttaflokkurinn	Námskeið í sippi	01.01.2017 - 31.12.2017	<a href="#">SKRÁNING</a>
Nóri 2 - Prófanir	Nóri Prófanaflokkur	Nóri Prófanánámskeið	01.01.2017 - 30.09.2017	<a href="#">SKRÁNING</a>

## Staðfesting námskeiðs og greiðsla

Ákveða þarf hvort nota eigi Frístundastyrk frá sveitarfélagi. Skráið upplýsingar, ef á þarf að halda. Þessar uppl. birtast þjálfurum og skrifstofu. Greiðslumáli. Velja má að greiða með kreditkorti og greiðsluseðlum.

Valið er skráning á námskeið til að fara ferli til að greiða og staðfesta skráningu.

Greiddslumiðlun

[Aðgerðir](#) - [Leiðbeiningar](#) [Tilkynningar](#) [Útskráning](#)

### Skráning á námskeið

Námskeið	Formannadeildin	Deild/Flokkur	Formannadeildin / Íþróttaflokkurinn		
		Tímabil	01.01.2017 - 31.12.2017		
Iðkandi	Árni	010587-2989	Forráðamaður	Guðmundur	111157-5109
Sérþarfir	Ófnaemi, greining, stokugirni o.þ.h.				
Verð	50000				
<input type="checkbox"/>	1.000 kr.	Gæsla eftir hádegi 16:00-17:00			
<input type="checkbox"/>	1.000 kr.	Gæsla f.hádegi 08:00-09:00			
<input type="checkbox"/>		Handklæði fylgir með			
Aukagjöld	0				
Frístundastyrkur	Nota frístundastyrk?	<input type="radio"/> Já <input type="radio"/> Nei			
			Samtals til greiðslu	50000	
Greiðslumáti	Veldu greiðslumáta <input type="button" value="v"/>				

[Sjá skilmála](#)  Samþykki skilmála 

**Skráningu er ekki lokið fyrr en búið er að „Skrá greiðslu“ og kvittun hefur borist á skráð netfang.**

Lögheimili iðkanda ræður alfarið frá hvaða sveitarfélagi er óskað eftir frístundastyrk frá og kerfi sveitarfélags ákvarðar frístundastyrk.

Kerfið er tengt við fjölda sveitarfélaga en þó ekki öll.

Skilyrði að nýtingu frístundastyrks er hjá flestum sveitarfélögum að notuð séu rafræn skilríki.